

# Fréttapistill frá forseta Íslands

21. júní 2021

„Þjóð með sjálfsgagnrýni getur litið í eigin barm, bent á það sem miður fór og viðurkennt að enn sé margt sem megi bæta. Þjóð með sjálfsvirðingu er stolt af því sem vel er gert, hún ver hagsmuni sína ef að henni er sótt. Þjóð með sjálfstraust þarf ekki að minna sjálfa sig og aðra á það í tíma og ótíma hversu frábær hún sé en hún horfir samt björtum augum fram á veg.“

Með þessum orðum lauk ég ávarpi á ráðstefnu í Norræna húsinu um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og framtíðarhorfur sem haldin var síðastliðinn miðvikudag. Hægt er að lesa og horfa á ávarpið í heild sinni hér, og ráðstefnuna alla ef því er að skipta: <https://www.forseti.is/fr%C3%A9ttir/2021-06-16-hvert-stefnir-%C3%ADsland>.

Sunnudaginn 13. júní voru liðin rétt 80 ár frá því að Sigurður Jónasson, framkvæmdastjóri og athafnamaður, bauð ríkinu Bessastaði sem bústað ríkisstjóra og væntanlega forseta í fyllingu tímans. Því boði var tekið og 17. júní 1941 kaus Alþingi Svein Björnsson fyrsta og eina ríkisstjóra Íslands. Þessi tímamót ræddi ég í fjölmiðlum þessa daga.

Þjóðhátíðardagurinn bar þess merki að við búum enn við hömlur á mannamót vegna farsóttarinnar sem geisað hefur hér og um víða veröld. Blessunarlega má þó búast við betri tíð. Bólusetningar ganga vel og nú bíð ég sallarólegur eftir mínum seinni skammti.

Hinn 17. júní hlotnaðist mér sá heiður að venju að sæma góðan hóp Íslendinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu. Óska ég nýjum orðuhöfum til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.

Að morgni 19. júní, kvenréttindadagsins, tók ég á móti stjórn Samtaka kvenna um nýja stjórnarskrá. Við ræddum um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sögu áforma í þá veru og framtíðarhorfur, auk stöðu forseta í þeim efnum að fornu og nýju.

Síðar þennan dag tók ég þátt í skemmtilegum viðburði, opnun sýningar um heimsins höf í Gerðarsafni í Kópavogi. Sýningarstjórnarnir eru ungir að árum, þær Fjóla Kristín Sveinbjörnsdóttir, Freyja Lóa Sigríðardóttir, Íva Jovisic, Lóa Arias og Vigdís Una Tómasdóttir. Á sýningunni er sjónum ekki síst beint að mengun sjávar og má fræðast nánar um þetta fyrirmyndarframtak sem er fyrsti áfangi Vatnsdropans, alþjóðlegs verkefnis sem Menningarhúsin í Kópavogi standa að ásamt Múmínsafninu í Tampere, H.C. Andersen safninu í Óðinsvéum og Ilon's Wonderland í Hapsaalu í Eistlandi. Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://gerdarsafn.kopavogur.is/syningar/vidburdur/2541/vatnsdropinn>

Að lokum vek ég athygli á viðtali við mig um plokk og aðra þætti umhverfisverndar sem fulltrúar Cleanupnews áttu nýlega við mig. Hægt er að njóta þess hér: <https://www.cleanupnews.org/home/plogging-with-president-guni-th-jhannesson>.

Góðar stundir.